

# Ferðalína

Ferðalína málabrautar býr nemendur undir nám og störf í ferðaþjónustugeiranum sem er vaxandi starfsgrein hér á landi.

Ferðabrautin er sívinsæl, þar er m.a. boðið upp á ferðalandafræði Íslands og útlanda, starfspjálfun, rekstur og stjórnun ferðaþjónustu og árlega nemakeppni erlendis þar sem nemendur MK hafa náð afar góðum árangri.

Mikil áhersla er lögð á góða tungumálakennslu enda nýtist ferðalínan jafnt sem undirbúningur fyrir háskólanám í ferðagreinum og tungumálum. Nemendur verða að taka 6 stjörnumerkt áfanga af kjörsviði málabrautar og taka allt kjörsvið ferðalínu (gulur bakgrunnur í töflu).

**Inntökuskilyrði:** Nemandi þarf að hafa náð 6 í skólaeinkunn við lok grunnskóla í íslensku, ensku og stærðfræði. Hafi nemandi einkunnina 5-6 í einni þessara námsgreina getur hann innritast á stúdentsprófsbraut en skráist í hægferðaráfanga í viðkomandi grein.

**Kjarnaeyningar** eru 98. Allir taka sömu kjarnagreinar.

**Kjörsviðseyningar** eru 30. Í þeim felst sérhæfing brautarinnar.

Valeyningar eru 12, þær eru bundnar við ferðagreinar.

Nám til stúdentsprófs er samtals 140 einingar

Námstími er 6-8 annir.

Ferðalína								
Námsgreinar	1. önn	2. önn	3. önn	4. önn	5. önn	6. önn	7. önn	8. önn
DAN	<u>103</u> <sup>o</sup>	<u>203</u>		<u>303</u>	<u>403</u> <sup>*</sup>			

ENS	<u>103°</u>	<u>203</u>	<u>303</u>	<u>403</u>		<u>503</u>		<u>603*</u>
FÉL		<u>103</u>						
ÍSL	<u>103°</u>	<u>203</u>	<u>303</u>	<u>403</u>	<u>503</u>		<u>603/13/33*</u>	
ÍÞR	<u>101</u>	<u>101</u>	<u>221</u>	<u>101</u>	<u>101</u>	<u>101</u>	<u>101</u>	<u>101</u>
LKN	<u>112</u>							<u>121</u>
NÁT						<u>113</u>	<u>103</u>	<u>123</u>
SAG			<u>103</u>				<u>203</u>	<u>503*</u>
STÆ	<u>103°</u>	<u>263</u>	<u>313*</u>					
3. mál	<u>103</u>	<u>203</u>	<u>303</u>	<u>403</u>	<u>503</u>			
4. mál			<u>103</u>	<u>203</u>	<u>303</u>	<u>403*</u>	<u>503*</u>	
Kjörsvið ferðalínu og val					<u>FER103</u>	<u>FLÚ103</u>	<u>BÓK103*</u>	<u>VIÐ103*</u>
					<u>FLÍ103</u>	<u>SAM103</u>	<u>VIÐ113*</u>	
							<u>UMH103**</u>	<u>FBÓ103**</u>
Samtals einingar	18	19	19	18	18	15	18	15

\* Kjörsvið

° Í stað 103: hægferð **1026** og **2026**

\*\* Nemendur velja annan áfangann

Brautaruppbyggingin er skv. námskrá frá 2007. Nýnemar (á fyrsta ári eftir grunnskóla) taka þverfaglegan áfanga í náttúru- og menningarläsi, **NÁL106** og **MEL106**, samtals 12 einingar, skv. nýrri skólanámskrá MK sem verið er að þróa. Á móti sleppa þeir sambærilegum áföngum úr eldri námskrá. Nýnemar taka ekki LKN112 og LKN121 úr eldri námskrá og sleppa 3 einingum úr frjálsu vali. Síðan **kjósa** nýnemar tvo áfanga úr eftirfarandi töflu til að **sleppa** og áfangarnir mega ekki vera úr sama stokki:

A – stokkur	B- stokkur	C - stokkur
<b>NÁT103</b> (líffræði)	<b>NÁT113</b> (jarðfræði)	<b>NÁT123</b> (eðl- og efnafræði)

SAG103	FÉL103	ÍSL103
ÍPR103	ÍPR103	ÍPR103